Sþ. **56. Tillaga til þingsályktunar** [54. mál]

um landhelgi og verndun fiskistofna.

Flm.: Gunnar Thoroddsen, Guðlaugur Gíslason, Jón Árnason, Pétur Sigurðsson, Matthías Bjarnason, Jóhannes Guðmundsson, Lárus Jónsson, Sverrir Hermannsson, Matthías Á. Mathiesen, Jóhann Hafstein.

Alþingi ályktar að lýsa yfir:

1. Fiskveiðilögsaga Íslands nær yfir allt landgrunnið umhverfis landið.
   Ytri mörk landgrunnsins skulu vera 400 metra jafndýpislína, þangað til mörk þess verða ákveðin með lögum, en þó hvergi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum. Alþingi felur nefnd þeirri, sem kosin var á síðasta þingi til þess að semja frumvarp til laga um rétt Íslendinga til landgrunnsins og hagnýtingar auðæfa þess, að ljúka störfum sem fyrst, svo að Alþingi það, er nú situr, geti fengið slíkt frumvarp til meðferðar og afgreiðslu.
   Í næstu 3 ár er erlendum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar upp að 50 mílna mörkum frá grunnlínum, nema þar sem sérstök friðunarsvæði kynnu að vera ákveðin utan þeirra marka.
   Ályktun þessi kemur til framkvæmda þann dag, sem ákveðinn verður af yfirstandandi Alþingi.
2. Ákveðin skulu friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks á landgrunninu út að ytri mörkum þess. Heimilt er að miða aðgerðir þessar við tiltekinn tíma árs, við ákveðin veiðitæki og veiðiaðferðir og við stærð fiskiskipa. Friðunaraðgerðir þessar skulu ganga í gildi 1. marz 1972.
3. Settar skulu reglur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða innan núgildandi fiskveiðimarka, m. a. hluta af Selvogsbanka og tiltekinna svæða við Vestmannaeyjar. Reglur þessar skulu gilda frá 1. marz 1972.
4. Ríkisstjórninni er falið að halda áfram og auka þátttöku í samstarfi þjóða til þess að hindra ofveiði og tryggja Íslendingum eðlilega hlutdeild í fiskveiðum á úthöfum, þar sem íslenzkir fiskveiðihagsmunir ná til.
5. Ríkisstjórnin skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun sjávar við strendur landsins og á hafinu umhverfis það og eiga samstarf við aðrar þjóðir í því efni, eftir því sem þörf krefur.

Við framkvæmdir samkvæmt þingsályktun þessari skal ríkisstjórnin hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands.

Greinargerð.

Það er yfirlýst markmið Íslendinga í landhelgismálinu, að íslenzk fiskveiðilandhelgi nái yfir allt landgrunnið umhverfis landið. Lögin frá 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins byggjast á því, að Ísland hafi rétt til þess að láta íslenzk lög og reglur gilda á landgrunnssvæðinu. Í ályktun Alþingis 5. maí 1959 var ákveðið að afla viðurkenningar á rétti Íslands til landgrunnsins alls. Ályktun Alþingis frá 7. apríl 1971 kvað svo á, að samið skyldi og lagt fyrir þetta þing frumvarp, þar sem m. a. væru „ákvæði um óskertan rétt Íslendinga til fiskveiða í hafinu yfir landgrunninu“.

Þegar Íslendingar leggja nú út í örlagaríka baráttu fyrir fjöreggi sínu, finnst flutningsmönnum hyggilegt að stíga skrefið til fulls og lýsa yfir fiskveiðilögsögu á landgrunninu öllu. Þessi afstaða er í beztu samræmi við starf okkar og stefnu undanfarna tvo áratugi, og hún er rökrétt afleiðing þess, að landgrunnið er landfræðilegur hluti landsins.

Nú er viðurkennt orðið, að hvert land eigi allar auðlindir á og í sjávarbotni á öllu landgrunni sínu. Sú röksemd Íslendinga hlýtur að vera þung á metunum á alþjóðavettvangi, að með sama rétti eigum við fiskimiðin á og yfir þessu sama landgrunni.

Nefnd var kosin á síðasta þingi til þess að semja frv. til laga um „skilgreiningu á landgrunni Íslands miðað við sem næst 400 metra jafndýpislínu, möguleg hagnýtingarmörk eða 50 mílur eða meira frá grunnlínum umhverfis landið, eftir því sem frekari rannsóknir segja til um að hagstæðast þyki". Þangað til þessi lög verða sett, þykir rétt að miða ytri mörkin við 400 metra jafndýpislínu, þó svo, að hvergi komi nær landi en 50 sjómílur frá grunnlínum. En jafnframt er lögð áherzla á það í tillögunni, að nefnd þessi hraði störfum, svo að Alþingi það, er nú situr, fái frumvarp hennar til meðferðar og afgreiðslu.

Um leið og tillagan ákveður, að allt landgrunnið skuli vera fiskveiðilandhelgi Íslands, er gert ráð fyrir því til bráðabirgða, að erlend fiskiskip megi stunda veiðar upp að 50 mílna mörkum í næstu 3 ár, nema þar sem friðunarsvæði á landgrunninu ná út fyrir þau mörk.

Með hliðsjón af því, að ríkisstjórnin hefur samið við Breta og Vestur-Þjóðverja um að hefja viðræður við þá um landhelgismálið í nóvember, þykir ekki ástæða til að tiltaka nú þann dag, sem útfærsla landhelginnar gangi í gildi. Er lagt til, að hún komi til framkvæmda þann dag, sem yfirstandandi Alþingi ákveður.

Í 2. lið tillögunnar segir, að ákveða skuli friðunarsvæði á mikilvægum uppeldisstöðvum ungfisks. Er hér fyrst og fremst átt við svæði utan 12 mílna út að ytri mörkum landgrunnsins. Þessar friðunaraðgerðir skulu ganga í gildi 1. marz 1972. Hér getur verið um algera friðun að ræða eða friðun á tilteknum árstíma. Einnig mætti banna tilteknar veiðiaðferðir og veiðitæki eða banna veiðar fiskiskipa yfir ákveðna stærð. Friðunaraðgerðir hafa oft verið ræddar á alþjóðafundum. Norður-Atlantshafsnefndin hefur t. d. árum saman rætt um friðun fyrir Norðausturlandi. Með þingsályktuninni frá 7. apríl s. l. fól Alþingi ríkisstjórninni „að undirbúa nú þegar friðunaraðgerðir fyrir öllum veiðum til verndar ungfiski á landgrunnssvæðinu utan 12 mílna markanna, þar sem viðurkennt er, að um helztu uppeldisstöðvar ungfisks sé að ræða". Með þessari tillögu, sem hér liggur fyrir, er lagt til, að nú sé látið til skarar skríða, slík friðunarsvæði ákvörðuð og gangi í gildi strax í vetur.

Líklegt er, að friðunaraðgerðir mæti skilningi og samúð hjá mörgum þjóðum, svo mikinn og góðan hljómgrunn eiga um þessar mundir náttúruvernd, friðun og barátta gegn rányrkju og ofveiði.

3. liður segir, að settar skuli reglur um tímabundna friðun ákveðinna hrygningarsvæða innan núgildandi fiskveiðitakmarka, m. a. hluta af Selvogsbanka og tiltekinna svæða við Vestmannaeyjar. Vitað er, að á þessu svæði eru helztu hrygningarstöðvar aðalnytjafisks okkar, þorsksins. Hefur ásókn með veiðar í net farið vaxandi ár frá ári á þessu svæði, auk þess sem mun meiri tækni er farið að beita við veiðarnar en áður þekktist. Er því ekki óeðlilegt, þó að nokkurs uggs sé farið að gæta hjá mörgum sjómönnum, sem veiðar stunda á þessu svæði, að um ofveiði geti verið að ræða. Þegar á árinu 1957 gerði Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi í Vestmannaeyjum einróma ályktun, þar sem bent var á nauðsyn þess að friða ákveðin hrygningarsvæði á þeim tíma, sem vitað er, að hrygningin fer fram. Ályktun þessi var send sjávarútvegsráðuneytinu, ásamt sjókortum, sem tilgreind hrygningarsvæði voru færð inn á. Á Alþingi 1961 var flutt tillaga um verndun hrygningarsvæða við strendur landsins, og náði sú tillaga samþykki Alþingis hinn 11. apríl 1962, en nokkuð breytt að efni til. Af framkvæmdum hefur enn ekki orðið, en ástandið er þannig, að vegna stóraukinnar tækni við veiðarnar á fiskurinn nú orðið bókstaflega hvergi griðland, þegar hann sækir inn á umrætt svæði til hrygningar. Með góðum árangri er verið að stórauka lax- og silungsveiði í ám og vötnum með auknu klaki. Enn

meiri nauðsyn er að gera verndunarráðstafanir á helztu hrygningarsvæðum aðalnytjafisks okkar.

Nú eru í gildi ýmsar verndarráðstafanir við strendur landsins. Má þar meðal annars nefna friðun Faxaflóa og Breiðafjarðar fyrir togveiðum, takmarkanir á dragnótaveiðum og tímabundið bann við síldveiðum.

Með 2. og 3. lið þessarar tillögu er lagt til, að Íslendingar stígi stór skref til verndar fiskistofnanna. Flm. telja það styrkja stórum málstað þjóðarinnar á alþjóðavettvangi, þegar hún sjálf sýnir í verki eindreginn vilja til að vernda og friða hrygningar- og uppeldisstöðvar nytjafiska og leggur sjálf hart að sér í því efni.

Samkvæmt 4. lið skal ríkisstjórnin halda áfram að auka þátttöku í samstarfi þjóða til þess annars vegar að koma í veg fyrir ofveiði og hins vegar til að tryggja eðlilega hlutdeild Íslendinga í fiskveiðum utan landgrunnsins, á úthöfum, hvar sem íslenzkir fiskveiðihagsmunir ná til.

Íslendingar hafa hagsmuna að gæta á fjarlægum veiðisvæðum, t. d. í Norðursjó og við austurströnd Norður-Ameríku. Íslenzk stjórnvöld verða því að fylgjast vandlega með allri þróun mála á þessum fiskimiðum og öðrum, sem oft hafa verið drjúg íslenzkri útgerð. Eigi þarf síður að gæta hagsmuna landsins að því er snertir fiskveiðar í nánd við Ísland, utan landgrunns, t. d. við Grænland og á hafinu milli Íslands og Noregs. Allt varðar þetta bæði ofveiðihættu og skömmtun eða kvótakerfi, ef til slíks ætti að grípa. Ekki má það heldur gleymast, að göngur fiskistofna breytast frá ári til árs, eins og dæmin sanna. Verður hér að vera vel á verði.

Með 5. lið tillögunnar er ríkisstjórninni falið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir skaðlega mengun sjávar við strendur landsins og á hafinu umhverfis það og eiga samstarf við aðrar þjóðir í því efni.

Af hinni síauknu óhreinkun sjávar stafar ekki aðeins hvimleiður óþrifnaður, heldur og stórfelldur háski fyrir fiskistofnana. Ráðstafanir gegn þessari geigvænlegu hættu þurfa að vera margþættar.

Fyrst þurfum við að líta í eigin barm. Í höfnum á Íslandi og með ströndum fram brestur víða á æskilegt hreinlæti. Olíur og úrgangsefni menga sjóinn allt of víða. Við þurfum sjálf að gera hreint fyrir okkar dyrum. Við þurfum að setja strangar reglur fyrir íslenzk skip og erlend, er hingað koma, og framfylgja þeim. Í annan stað þarf mengunarlögsaga að ná langt á haf út. En jafnvel þótt hún yrði ákveðin 100—200 mílur, nægir það engan veginn. Úrgangsefni, sem hleypt er í hafið mörg hundruð sjómílur frá Íslandi, geta borizt með hafstraumum upp að ströndum landsins, á fiskimið, hrygningar- og uppeldisstöðvar, og valdið óbætanlegum usla. Samstarf þarf við aðrar þjóðir til þess að fyrirbyggja slík skaðaverk. Helzt þyrfti hvert ríki að bera ábyrgð á þeim skipum, sem þar eru skráð, og hafa virka umsjón með því, að varúðarreglum sé fylgt. Merkur atburður á þessu sviði var ráðstefna, sem haldin var nú í októbermánuði í Osló með þátttöku 12 ríkja.

Að lokum er lagt til, að ríkisstjórnin skuli hafa samráð við Hafrannsóknastofnunina og Fiskifélag Íslands um framkvæmdir samkvæmt þessari þingsályktun.